



Lög Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis.

1. grein.

Félagið heitir Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis. Starfssvæði þess er sameinað sveitarfélag Sv-Garðs og Sandgerðisbæjar. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands, Starfsgreinasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands

2. grein.

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag alþýðunnar á félagssvæðinu, aðallega með því að ákveða kaup og vinnutíma og vinna í sambandi við önnur verkalýðsfélög og Alþýðusamband Íslands að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara alþýðunnar. Félaginu má skipta í deildir, er starfa samkvæmt sérstakri reglugerð, staðfestri af miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

3. grein.

Sérhver verkamaður og verkakona getur sótt um að verða meðlimur félagsins, ef hann eða hún fullnægir eftirfarandi skilyrðum. 1. Er fullra 16 ára að aldri. 2. Stendur ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur félög innan Alþýðusambands Íslands. 3. Er ekki aðalmeðlimur í öðru félagi innan Alþýðusambands Íslands.

4. grein.

Sá sem vill verða meðlimur félagsins skal senda formanni skriflega inntökubeiðni. Formaður beri síðan inntökubeiðnina undir atkvæði á næsta lögsmætum fundi í félaginu. Verði meirihluti atkvæða á fundinum með inntökubeiðninni, er umsækjandi orðinn löglegur félagi, enda hafi hann þá greitt árgjald. Milli félagsfunda getur stjórnin eða trúnaðarráð, veitt nýjum meðlimum inntöku. Öðlast innsækjandi þá þegar vinnuréttindi á félagssvæðinu, og er þá jafnframt skuldbundinn öllum skyldum við félagið samkvæmt lögum þess. Þó skal leita samþykkis félagsfundar um þá menn, sem stjórn eða trúnaðarráð hefur tekið inn í félagið, og ber innsækjanda að hlíta úrskurði félagsfundar.



5. grein.

Enginn má vera í félaginu, sem er atvinnurekandi í það stórum stíl að hagsmunir hans standi nær hagsmunum vinnuveitanda en verkafólks, að álitum félagsfundar. Ágreiningi um svona mál má hvor aðili sem er skjóta undir úrskurð miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, en úrskurður félagsfundar gildir þar til miðstjórnin hefur úrskurðað annað.

6. grein.

Ef einhver félagsmaður telst ekki geta unnið fulla vinnu við erfiðisvinnu, getur stjórn félagsins eða trúnaðarráð veitt honum undanþágu frá gildandi kjarasamningi, eða taxa félagsins við atvinnurekendur, enda sé tekið fram í hverju undanþágan sé fólgin, skilyrði fyrir henni og hversu lengi undanþága skuli gilda. Félagsmenn eldri 67 ára skulu vera gjaldfrír.

7. grein.

Allir félagsmenn eru skyldir til að hlýta lögum félagsins og fundarsamþykktum og uppfylla samninga, sem félagið hefur gert við atvinnurekendur eða aðra. Brot á lögum félagsins og samþykktum getur varðað áminningu, eða brottvikningu eftir því hve brotið telst veigamikilið. Ef félagsmaður er sakaður um eitthvað, sem varðar framangreindum viðurlögum, skal málið tekið fyrir á félagsfundi. Sá fundur getur sett málið í nefnd, er rannsaki málsatvik til næsta fundar, sem síðan úrskurðar málið. Úrskurði fundar skal skjóta til miðstjórnar Alþýðusambands Íslands. Úrskurður félagsfundar gildir þar til miðstjórn Alþýðusambandsins hefur úrskurðað annað, eða viðkomandi maður hefir að fullu bætt fyrir brot sitt.

8. grein.

Enginn getur skorast undan að taka kosningu í trúnaðarstarf fyrir félagið. Skyldur er hver félagsmaður að taka endurkosningu eða gegna einhverju trúnaðarstarfi, sem hann er kjörinn til eða skipaður, í næstu þrjú ár, en að þeim tíma liðnum getur hann fengið sig undanþeginn störfum næstu tvö ár á eftir. Stjórn félagsins skal leggja fram tillögur um nefndir, ráð og stjórn fyrir mars lok ár hvert og hafa aðgengilegar á skrifstofu félagsins. Þá hafa félagsmenn rétt til að koma með breytingatillögur um kjör í nefndir, ráð og stjórn fyrir apríl lok.

9. grein.

Úrsögn getur því aðeins átt sér stað, að úrsegjandi sé skuldlaus við félagið. Úrsögn skal vera skrifleg og afhendist formanni félagsins og skal félagsskírteini fylgja úrsögninni. Enginn getur þó sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu og þar til vinnustöðvun hefir verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Alþýðusambands Íslands, sem lagt hafa niður vinnu vegna deilu.



10. grein.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Kjósa skal um formann sér til 2ja ára í senn, ritara og gjaldkera til 2ja ára annaðhvert ár ásamt 3 varamönnum. Varaformann og meðstjórnanda til 2ja ára hitt árið ásamt 2 varamönnum. Varastjórnarmenn gegna stjórnarstörfum í forföllum, eða fjarveru stjórnarmeðlima og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Formaður félagsins kveður til stjórnarfundar þegar honum þykir henta eða ef tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarinnar mætir.

11. grein.

Formaður kveður til félagsfunda í samráði við meðstjórnendur sína. Formanni er heimilt að setja fundarstjóra í sinn stað. Hann skal gæta þess að trúnaðarmenn félagsins gegni skyldum sínum við félagið og hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að lögum þess, samþykktum, reglum og samningum sé hlýtt. Hann geymir skjöl félagsins.

12. grein.

Ritari heldur gerðarbækur félagsins og færir í þær allar fundargerðir stjórnar og félagsfunda, lagabreytingar og aðalreikning. Hann annast bréfaskriftir félagsins í samráði við formann.

13. grein.

Gjaldkeri annast innheimtu félagsgjalda og annarra tekna félagsins. Enga greiðslu má inna af hendi nema formaður félagsins hafi staðfest hana með undirskrift sinni. Sjóði félagsins skal geyma á vöxtum í banka eða öðrum jafntryggjum stað, eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á sjóðum félagsins.

14. grein.

Í trúnaðarráði eiga sæti stjórn félagsins og fjórir fullgildir félagsmenn kosnir til eins árs í senn á aðalfundi félagsins. Í forföllum aðalmanna taka varastjórnarmenn sæti í trúnaðarráði fyrir stjórnarmeðlimi en aðalfundur kýs af sinni hálfu fjóra varamenn. Trúnaðarráðsfundur er lögmættur ef meirihluti meðlima þess er mættur. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess. Formaður kveður það til fundar með þeim hætti er hann telur heppilegastan. Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman meðlimi trúnaðarráðs þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tök á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á slíkum fundum. Ákvarðarnir slíkra funda skulu færast í gerðabók félagsstjórnar, enda skulu þær bornar undir álit næsta félagsfundar sem aðrar ráðstafanir félagsstjórnar milli funda.



15. grein.

Samninganefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um gerð kjarasamninga fyrir hönd félagsins. Nefndin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar.

16. grein.

Fundi skal halda í félaginu þegar félagsstjórn þykir ástæða til eða ef minnst 10 löglegir félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Almennir félagsfundir eru lögmetir ef þeir eru löglega boðaðir. Fundi skal boða með minnst sólarhrings fyrirvara, með uppfestum auglýsingum, í blöðum, útvarpi eða bréflega. Aðalfund og fund þann er kýs fulltrúa á Alþýðusambandsþing skal boða með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina í auglýsingu kjör fulltrúa. Aðalfundur er lögmetur sé hann löglega boðaður.

17. grein.

Heimilt er að hafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör stjórnar- og trúnaðarráðs, ef stjórn og trúnaðarráð ákveður það eða minnst einn fimmti hluti fullgildra félagsmanna óskar þess skriflega. Stjórnin kýs þá tvo menn í 3ja manna kjörstjórn en sá þriðji skal tilnefndur af miðstjórn ASÍ. Kjörstjórn skal sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Skal um hana fara eftir reglugerð A.S.Í um kosningar til Alþýðusambandsþings eftir því sem við á. Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert, þar skal leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins til athugunar og samþykktar, þar skal og lýst stjórnarkjöri, hafi það farið fram. Annars skal þar kjósa stjórn og trúnaðarráð og tvo endurskoðendur svo og varamenn. Kosning skal vera skrifleg og bundin við uppástungur, nema um samhljóða uppástungur sé að ræða. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

18. grein.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum allra mála í félaginu, sé ekki annað ákveðið í lögum þessum eða lögum Alþýðusambands Íslands.

19. Grein

Aðalfundur ákveður upphæð árgjalda meðlima. Taki aðalfundur þessi mál ekki til athugunar eða meðferðar gilda ákvarðanir síðasta aðalfundar í þessu efni fyrir næsta starfsár. Reikningsár félagsins er almanaksárið.



20. grein.

Hver félagsmaður, er ekki hefur greitt lögboðin gjöld til félagsins á réttum tíma, og skuldar eitt árgjald eða meira um áramót nýtur ekki fullra félagsréttinda, svo sem vinnuréttinda, atkvæðisréttar eða kjörgengis, og skal hann settur á aukaskrá. Tveggja ára skuld varðar útstrikun af meðlimaskrá félagsins.

21. grein.

Allir skuldlausir félagsmenn eiga rétt á að fá félagsskírteini hjá stjórninni. Félagsskírteini sannar hvar sem er félagsrétt manna. Þegar á fund er farið skal hver félagsmaður sýna dyraverði skírteini sitt við innganginn, ella er honum ekki heimil fundarseta nema með sérstöku leyfi formanns.

22. grein.

Af tekjum félagsins skal greiða öll útgjöld við störf þess, svo sem húsaleigu, prentun, pappír, skatt til Alþýðusambands Íslands, skrifstofukostnað og annan kostnað er stafar af samþykktum stjórnar eða félagsfunda.

23. grein.

Reglugerðir fyrir sjóði félagsins aðra en félagssjóð, skulu vera staðfestar af miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

24. grein.

Komi fram tillaga um að lögbinda félagið við eitthvað annað félag eða félagssamband, eða slíta slíku sambandi, nær hún eigi samþykki nema hún fái 2/3 atkvæða, að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu samkvæmt 16. gr. sambandslaga. 25. grein. Takist ekki að ná saman lögsmætum fundi í félaginu í 10 mánuði samfleytt, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, skal félagsstjórn tilkynna það miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Þegar miðstjórnin hefur gengið úr skugga um að félagið verði ekki endurlífgað, getur hún lagt félagið formlega niður, enda taki hún þá eignir þess til varðveislu þar til stofnað verður nýtt félag á sama grundvelli og hið fyrra, á sama félagssvæði. Nú hafa liðið 10 ár frá því félagið var lagt niður og ekki verið stofnað annað samskonar félag á staðnum, getur þá miðstjórn Alþýðusambandsins varið eignum hins fyrra félags til fræðslustarfsemi sambandsins.



25. grein.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Lagabreytinga skal getið sérstaklega í fundarboði. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Engin lagabreyting öðlast gildi fyrr en miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur staðfest hana.

Lögin þannig samþykkt á aðalfundi félagsins þann 17. maí 2018

Magnús S. Magnússon

Formaður

Þórsteina Sigurjónsdóttir

Ritari